

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Skrúðasjóð Hallgrímskirkju í 7 Reykjavík“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. janúar 18. jan. 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skrúðasjóð Hallgrímskirkju í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skrúðasjóður Hallgrímskirkju í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1943 að tilhlutan frá Guðrúnar Jóhannsdóttur frá Brautarholti með fé því, er inn kom við sölu á ljóðinu „Hallgrímskirkja“, er hún gaf í því skyni, og útgefið var með lagi eftir Nóa Kristjánsson, og var það einnig gefið.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins var kr. 5000.00, en honum bættust gjafir og áheit, svo að upphæðin varð kr. 19244.52 og var þá fyrst varið fé úr sjóðnum til kaupa á messuskrúða til kirkjunnar.

4. gr.

Sjóðurinn er eign Kvenfélags Hallgrímskirkju, og má hagnýta hann aðeins á þann hátt, er skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

5. gr.

Sjóðnum má afla tekna með útgáfustarfsemi eða á annan hátt, er sjóðstjórnin telur við eiga. Enn fremur tekur hann við gjöfum og áheitum.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða ríkistryggri bankastofnun og má aldrei veita svo mikið úr honum í einu, að eigi verði kr. 10000.00 eftir.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla messuskrúða handa Hallgrímskirkju í Reykjavík, þegar kirkjan hefur eignast hökla af öllum viðeigandi liturgískum litum, og annan nauðsynlegan skrud, er heimilt að veita fé úr sjóðnum til annarra þarfa kirkjunnar, ef kvenfélagsfundur samþykkir, enda sé nægilegt fé tekið frá til endurnýjunar þeim skrud, er kirkjan á.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm konum úr Kvenfélagi Hallgrímskirkju. Meðan stofnanda sjóðsins, frá Guðrúnar Jóhannsdóttur, nýtur við, er hún sjálfkjörin í sjóðstjórnina og tilnefnir aðra meðlimi, ella skal stjórnin kosin á aðalfundi kvenfélagsins til eins árs í senn.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar hans endurskoðaðir af endurskoðendum kvenfélagsins.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.